

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2018

2021/EES/13/02

frá 6. júlí 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/136 frá 25. janúar 2018 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á gin- og klaufaveiki og um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 92/119/EBE að því er varðar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á svínafári ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2018/136 fellir úr gildi, frá 1. janúar 2019, framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/767/ESB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá 1. janúar 2019.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og segir í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 9. lið (tilskipun ráðsins 92/119/EBE) í hluta 3.1:

„– **32018 D 0136:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/136 frá 25. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 24, 27.1.2018, bls. 3).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 47. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 415/2013) í hluta 3.2:

„48. **32018 D 0136:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/136 frá 25. janúar 2018 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á gin- og klaufaveiki og um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 92/119/EBE að því er varðar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á svínafári (Stjtið. ESB. L 24, 27.1.2018, bls. 3).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

3. Texti 35. liðar (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/767/ESB) í hluta 3.2 fellur brott frá og með 1. janúar 2019.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 27.1.2018, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 337, 11.12. 2012, bls. 54.

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/136, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.